

Fötlunarstrit

Reynsla fatlaðra nemenda af námi við Háskóla Íslands

Samantekt úr skýrslu

Höfundar:
Embla Guðrúnardóttir Ágústsdóttir
Sigríður Jónsdóttir

Viðtalsrannsókn
gerð fyrir
Ráð um málefni fatlaðs fólks
Febrúar 2023

Hér verður gerð stutt samantekt af niðurstöður viðtalsrannsóknar um upplifun fatlaðra nemenda Háskóla Íslands af námi og sértækum námsúrræðum. Rannsóknin var unnin af Emblu Guðrúnardóttur Ágústsdóttur og Sigríði Jónsdóttur fyrir hönd Ráðs um málefni fatlaðs fólks (RUMFF).

Þátttakendur rannsóknarinnar voru fjögur, núverandi og fyrrverandi nemendur við Háskóla Íslands. Tekið var eitt einstaklingsviðtal sem fór fram á ensku, eitt rýnihópaviðtali á íslensku.

Fötlunarstrit birtist sem rauður þráður í frásögnum viðmælenda og er megin niðurstaða greiningarinnar. Fötlunarstrit er íslensk þýðing enska hugtaksins *disability labor*. Hugtakið hefur einna helst verið notað á allra síðustu árum af fötlunaraktívistum, en virðist ekki vera komið inn í fræðilega orðræðu. Með fötlunarstriti er átt við ósýnilega tilfinningavinnu sem tengist því að vera fötluð manneskja sem þarf stöðugt að aðlaga sig að ófötluðu samfélagi. Hugtakið svipar til hugtaksins *emotional labor* og umræðu um þriðju vaktina og hafa sumir fötlunaraktívistar talað um fjórðu, eða jafnvel fimmtu vaktina sem vakt fötlunarstrits.

Þó tilfinningavinna fötlunarstrits sé ósýnileg leiðir það af sér áþreifanlega vinnu og kostnað fyrir fatlað fólk. Fötlunarstrit getur birst sem sálar-, virðingar-, sjálfræðis-, peninga- og tímaþjófur í lífi fatlaðs fólks.

Niðurstöður

„Háskólinn er alltaf að þæla í bara, „Ókei, hvernig getum við verið framsækinn háskóli og betri þarna og hinsegin?“ En svo innan þessa þá er það bara eitthvað, „Nei, svona höfum við alltaf gert þetta og svona munum við gera þetta.“ Þú veist, þannig að það... það passar bara engan veginn saman, sko.“

Niðurstöðum rannsóknarinnar var skipt upp í eftirfarandi sex flokka sem allir kjarnast í fötlunarstriti. Flokkarnir eru: Fötlunarstrit við upphaf náms; Fötlunarstrit – Hinar óyrta hindranir; Fötlunarstrit – Aðgengi; Fötlunarstrit – Margþætt mismunun; Fötlunarstrit – Vottorð; Fötlunarstrit – Akademískar kröfur; Fötlunarstrit – Lærdómur af Covid.

Í frásögnum fatlaðra nemenda Háskóla Íslands má sjá margvíslegar birtingarmyndir fötlunarstrits og hindrana sem fylgja námi við háskólann. Mótlætið birtist í skorti á upplýsingagjöf, viðvarandi aðgengishindrunum, viðhorfum innan deilda og viðmóti kennara til fatlaðs fólks í akademísku umhverfi. Frásagnirnar lýsa barningi við viðhorfshindranir, þvinganir og tilbúið drama og hvernig efast er um hæfni fatlaðs fólks leynt og ljóst með tilheyrandi niðurrifi. Raunveruleiki nemendanna staðfestir að í reynd er unnið gegn markmiðum Jafnréttisáætlunar háskólans um inngildinguna náms og þjónustu við fatlaða nemendur háskólans. Kallað er eftir því að rektor beiti sér fyrir því að þær staðalímyndir um fatlað fólk sem lifa meðal akademískra stjórnenda og áhrifafólks innan deilda verði upprættar. Það er ekki hlutverk ófatlaðs fólks að ákveða hvort og hvað fatlað fólk er fær um að framkvæma og nema. Það að fatlaðir nemendur geri hlutina á óhefðbundinn hátt er ekki frágangssök og ekki vitnisburður um vanhæfi. Það er ekki bara ein leið að akademískum árangri.

Námsráðgjöf Háskóla Íslands (NHÍ) er falið að fylgja þröngu sviði þjónustu við afmarkaðan hóp fatlaðra nemenda sem eiga rétt á sértækri námsaðstoð í gegnum tiltölulega stöðluð úrræði. Framkvæmdin er, samkvæmt reglum háskólans, aðgreinandi og útilokandi og ekki samþætt við aðrar þjónustuparfir fatlaðra nemenda. Þrátt fyrir að námsráðgjafarnir geri það sem þeir geta til að koma á mótis við þarfir fatlaðra nemenda á grundvelli þess þrönga sviðs sem þeir starfa á, er ljóst að þjónustu NHÍ er einfaldlega ekki ætlað það hlutverk að stíga inn í þá glímu sem fatlaðir nemendur standa frammi fyrir. Markmið þjónustunnar og eðli námsúrræðanna er það að reyna að hæfa og aðlaga fatlaða nemendur

að viðteknum kennsluháttum og námsumhverfi, en því ætti að vera öfugt farið, þ.e. að hæfa og aðlaga kennsluaðferðir og námsumhverfi að þörfum fjölbreytts nemendahóps í samræmi við markmið Jafnréttisáætlunar háskólans. Brýnt er að endurskoða hugmyndafræði, forsendur og framkvæmd þjónustu við fatlaða nemendur háskólans svo markmið Jafnréttisáætlunar háskólans um inngildinguna náms og þjónustu við fatlaða nemendur háskólans verði raunhæf.

Hindranir vegna skorts á aðgengi tengjast ekki einungis óaðgengilegum byggingum og kennslustofum, heldur einnig hönnun vefsvæða háskólans, aðgengi að fyrirlestrum og námsefni og skorti á upplýsingagjöf. Einn viðmælandi lýsti upplifun sinni svona:

„Ég þarf eiginlega að gera alltaf sjálfur í hvert skipti [...] þú veist, það er kannski einn [...] yfirkennari eða umsjónarkennari yfir áfanganum og svo er kannski einhverjir tíu fyrirlestrar [...] þegar ég veit að það er þannig tími, þá spyr ég hvort hann geti útskýrt það [sem er á glæru] í sjónrænum lýsingum og það er yfirleitt ekkert mál.“

Nemendur geta ekki treyst því að hugsað sé fyrir aðgengi þeirra, né eru þeir upplýstir um aðgengileika kennslurýma eða hvar má finna aðgengileg salerni í þeim byggingum þar sem þeir stunda nám. Þeir upplifa að það sé á þeirra eigin ábyrgð að tryggja aðgengi og aðlögun kennsluhátta. Þar sem þjónusta við fatlaða nemendur er hvorki algild né samþætt, þá er nemendum vísað á hin ýmsu svið háskólans til að ráða sjálfir fram úr þeim úrlausnarefnum og vanda sem þeir standa frammi fyrir.

„Ég er með diktafón til þess að taka upp tímana, af því þeir eru ekki teknir upp. [...] en annars bara í COVID, þá var allt tekið upp... en þau [deildin] vilja ekki hafa upptökur. [...] Þau ætla ekki að hafa upptökur. [...] þetta er ekki það sem þau vilja, út af persónuupplýsingum.“

Athygli vekur að aðgengilegir kennsluhættir sem birtust nemendum yfir nótt á tímum Covid hafa verið dregnir til baka. Óskum nemenda m.a. um að fyrirlestrar verði áfram teknir upp og þeir gerðir aðgengilegir á vefsvæðum háskólans hefur verið hafnað. Það er óskiljanlegt viðhorf að ekki megi áfram nýta þær aðferðir sem notaðar voru í Covid með góðum árangri. Það getur ekki verið að inngildir kennsluhættir, sem nú hafa verið reyndir með góðum árangri, séu aðeins virkjaðir og í boði ef ófatlaðir nemendur háskólans þurfa á þeim að halda, en alls ekki þegar fatlaðir nemendur þurfa á þeim að halda. Kallað er eftir því að rektor og yfirstjórn háskólans gefi skýra yfirlýsingu um að viðhorf og ákvarðanir innan deilda háskólans megi ekki íþyngja fötluðum nemendum og standa í vegi fyrir því að fatlaðir einstaklingar nýti mannréttindi sín til að stunda háskólanám og öðlast þekkingu.

Fram kemur að litlar sem engar upplýsingar liggja fyrir um námsaðstoð á erlendum tungumálum, ekki einu sinni á ensku. Þá kemur fram að viðmælendurnir virtust ekki hafa fengið upplýsingar um tilvist og hlutverk Ráðs um málefni fatlaðs fólks þegar sótt var um námsaðstoð. Skortur á upplýsingum og stuðningi hefur í för með sér umtalsvert fötlunarstrit mælt í þeim tíma og erfiði sem fatlaðir nemendur þurfa að leggja á sig til að geta sinnt námi við háskólann.

„At the University I find their approach that they really avoid doing any systematic change to actually making it universally accessible, and they really do view disabled students as like such a minority that they're like “Oh, do you have an assistant or we can just assign them one, and we solve our issue, you know, and it doesn't really cost us a lot of money,” in their thinking.“

Sýn erlends háskólanema sem tók þátt í rannsókninni varpaði ljósi á þá menningarbundnu þætti sem innihalda viðtekin viðhorf sem standa í vegi fyrir árangursríkri inngildingu náms við háskólann. Þrátt fyrir sterka ímynd Íslands sem norræns velferðarríkis og kyndilbera jafnréttis þá er þjónusta við fatlaða nemendur háskólans veitt á læknisfræðilegum forsendum í aðgreiningu samkvæmt gildandi reglum. Ljósi er varpað á að þetta fyrirkomulag rímar við aðgreinandi samfélagsgerð. Það að nemendum sé gert að sanna þörf fyrir námsaðstoð með persónulegum upplýsingum um læknisfræðilegar greiningar lýsir ableískum viðhorfum til fólks með skerðingar og opinberar þau einkennilegu viðhorf að verið sé með einhverjum hætti að gjaldfella akademískar kröfur með inngildingu náms. Þannig birtast viðhorf feðraveldis sem samsamar akademískan árangur við líkamlega yfirburði og einstaklingshyggju.

Þekkingin er mæld með snerpu, skerpu, mætti, styrk og úthaldi, með það að markmiði að útiloka alla sem geta ekki tekið þátt í hindrunarhlaupinu. Litið er svo á að fötluðu fólki skuli einfaldlega hjálpað til að fara í kringum hindranirnar með þeim sérúrræðum sem í boði eru, en um leið felst gjaldfelling námsins í því að hindranirnar eru sniðgengnar. Þannig verður hindrunarhlaupið markmiðið og mælikvarðinn, ekki þekkingin. Útskúfun frá námi er talin eðlileg og hún er ávallt yfirvofandi. Útskúfun frá námi er staðreynd sumra og hótun í garð annarra.

Þessi viðhorf kunna að binda fatlaða nemendur með rætur í íslenskri menningu í klafa naumhyggju og skorts. Framkvæmdin afbyggir sjálfræði þeirra og sjálfstæði með því að taka valdið úr höndum þeirra sem sérfræðinga á sviði eigin fötlunar og þarfa. Að auki kann að vera að þó þeir séu upplýstir um réttindi sín hafi þeir ekki trú á, eða sjái fyrir sér breytt viðhorf. Það ætti þó ekki að vera þeirra að brjótast út úr þeim viðjum, heldur ábyrgð háskólans að viðurkenna og breyta viðhorfum. Eigi hugmyndafræði inngildingar að ná fram að ganga verður háskólasamfélagið að líta gagnrýnum augum á ríkjandi viðmið um akademískan árangur og spyrja spurninga um réttmæti þeirra og eiga umræðu um það hvað raunverulega felst í þekkingu, hvernig þekking er mæld og með hvaða aðferðum.

Frásagnirnar í þessari viðtalsrannsókn lýsa í raun hvernig háskólinn vísar frá sér ábyrgð á aðgengi, kennsluháttum og inngildingu náms og leggur byrðar fötlunarstrits á herðar nemenda. Frásagnirnar afhjúpa ríkjandi viðhorf einstaklingshyggju innan háskólans, að hindranir séu persónulegt vandamál einstaklinga, en ekki litið á þær sem almennar hindranir sem háskólinn ber ábyrgð á að uppræta. Þó svo þessi viðhorf séu ríkjandi í menningu okkar er það ekki ásættanlegt að Háskóli Íslands láti þar við sitja og setji sér ekki viðmið sem leiðtogi umbóta og ljósberi mannréttinda. Áherslan á að vera á samþætta þjónustu án aðgreiningar, algilda hönnun og bann við mismunun, þar sem hindranir eru séðar, viðurkenndar og þeim rutt úr vegi. Að óbreyttu er þjónustan byggð á aðgreiningu í verki og yfirlætislegri góðvild sem veitir umhyggju í ósýnileika.

Tillögur að umbótum

- Aðgengi er forsenda fyrir inngildingu.
- Skýr og mælanleg stefnumótun þarf að koma að ofan frá stjórnendum svo mark sé takandi á markmiðum um inngildingu. Aðkoma rektors ætti að vera áþreifanlegri og sýnilegri með skýrri stefnumörkun og skuldbindingu um inngildingu náms.
- Fjármagn þarf að vera tryggt til að mæta markmiðum um inngildingu, s.s. breytingum á húsnæði háskólans, vefsíðum og tæknibúnaði svo hægt sé að tala um aðgengi fyrir alla og raunverulega inngildingu. Fjármagn til verkefna þrýstir einnig á eftirfylgni með markmiðum.
- Viðurkenna þarf að núverandi viðhorf til námsaðstoðar grundvallast á forsendum einstaklingshyggju með framkvæmd aðgreinandi úrræða í stað þess að grundvallast á forsendum um almenna og inngildandi þjónustu.
- Umbætur er mikilvægt að meta í víðara samhengi en einungis í ljósi fötlunar. Háskólinn þarf að gera meira til að samþætta þjónustu við einstaklinga sem tilheyra jaðarhópum. Almenn samþætt þjónusta á einum stað rífur niður girðingar sem jaðarsetja og útiloka einstaklinga og hópa.
- Falla þarf frá kröfum um læknisfræðilega greiningu sem forsendu námsaðstoðar. Námsaðstoð ætti að vera almenn og öllum aðgengileg en ekki sértækt úrræði sem útilokar hópa fólks.
- Brýnt er að rektor beiti sér fyrir því að þær staðalímyndir um fatlað fólk sem lifa meðal akademískra stjórnenda og áhrifafólks innan deilda verði upprættar.
- Hvetja þarf háskólasamfélagið til að líta gagnrýnum augum á ríkjandi viðmið um akademískan árangur og spyrja spurninga um réttmæti þeirra og eiga umræðu um það hvað raunverulega felst í þekkingu, hvernig þekking er mæld og með hvaða aðferðum.
- Gera þarf kröfu um að allt námsefni sé öllum nemendum aðgengilegt. Auka þarf vitund kennara um þá aðstoð og lausnir sem þeim býðst til að koma námsgögnum á aðgengilegt form.
- Mikilvægt er að háskólinn dragi lærdóm af þeim möguleikum til náms sem raungerðust á tímum COVID. Kennsluhættir og tæknibúnaður sem þá nýttust fötluðum nemendum betur í námi eiga að verða viðmið um norm. Ábyrgðinni er vísað til rektors um að setja fram kröfu til deilda um inngildar kennsluáðferðir.
- Til að markmið inngildingar náist verða þau að vera mælanleg. Fylgjast þyrfti m.a. með því hvort og hvenær notendur þjónustunnar útskrifast úr námi og tölur um brottfall þeirra úr námi verða að vera tiltækar til að árangur verði sýnilegur og mælanlegur.
- Til að markmið inngildingar náist þarf að tryggja eftirfylgni með þeim, annars verða þau marklaus. Eftirfylgni með markmiðum þarf að vera skýr, sýnileg og skráð í ferla.
- Ábyrgð stjórnenda þarf að vera skýr og skráð í ferla. Það er á ábyrgð þeirra að háskólinn sé á þeirri braut að uppfylla gildi um jafnrétti og ákvæði mannréttingasamninga um aðgengi fatlaðs fólks að háskólanámi.